

# mannorð



6. tbl. 2016. Fréttarit mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar

## Ný mannréttindastefna samþykkt

Borgarstjórn samþykkti einróma breytingar á mannréttindastefnu borgarinnar á fundi þann 18. október síðastliðinn. Þó mannréttindi séu í eðli sínu algild þá er mikilvægt að endurskoða og rýna reglulega stefnumótun sem varðar fólk og réttindi þess. Þverpólískum starfshópi var falið að gera það og leiddi Líf Magneudóttir starfið.

Mannréttindastefnan er byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs- og stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu.

5 köflum var bætt við stefnuna:

- Umhverfi
- Öryggi
- Reykjavíkurborg sem verkkaupi
- Heilsufar og líkamlegt atgervi
- Holdafar og líkamsgerð



**MANNRÉTTINDA  
STEFNA  
REYKJAVÍKUR  
BORGAR**

# Notendaráð fatlaðs fólks

Notendaráð fatlaðs fólks í Reykjavík og á Seltjarnarnesi var stofnað í haust á grundvelli framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks og heldur Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar utan um starfsemi notendaráðsins. Notendaráðið hefur meðal annars það hlutverk að veita umsögn um ýmsar reglur og stefnumótun í málefnum fatlaðs fólks hjá Reykjavíkurborg.

Að undangengnu samráði við hagsmunaaðila var ákveðið að starfsemi ráðsins yrði tvískipt og áhersla yrði lögð á samráð við þá hóp fatlaðs fólks sem mest nota þjónustu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Ákveðið var að stofna einn hóp þjónustunotenda með geðfötlun og annan hóp notenda með þroskahömlun. Jafnframt var ákveðið að nálgast starfsemi notendaráðsins með nýjum hætti í stað þess að styðjast við hefðbundið fundaform.

Notendur með geðfötlun funda um mál ráðsins í lokuðum hópi á facebook en eru kallaðir til funda eftir þörfum. Notendur með þroskahömlun halda fundi sína hins vegar hjá Fjölmennt.

Hjá Fjölmennt er fundað um þau mál sem send hafa verið til notendaráðsins og starfsfólk Fjölmenntar styður við sjálfstæða og upplýsta ákvarðanatöku notenda um þau mál sem fjallað er um hverju sinni. Starfsmaður mannréttindaskrifstofu tekur við öllum þeim málum sem berast notendaráði, kemur þeim yfir á auðskilið mál og sendir hefðbundna og auðlesna útgáfu af málgögnum til notendaráðsins. Jafnframt sér starfsmaður mannréttindaskrifstofu um að kalla saman ráð notenda með geðfötlun til funda eftir þörfum og er tengiliður milli notenda og þeirra aðila sem senda mál til notendaráðsins til umsagnar.



# Húsnæðismál eldri borgara

Mánudaginn 17. október var haldinn í annað sinn sameiginlegur fundur borgarstjórnar og öldungaráðs. Fundurinn hófst á ávarpi borgarstjóra, Dags B. Eggertssonar. Þar á eftir flutti Stefán Eiríksson sviðsstjóri velferðarsvið erindi sitt: „Hvað eru húsnæðismál?“ Anna Björg Jónsdóttir öldrunarlæknir flutti erindið: „Að byggja brýr – samvinna um þjónustu við aldaðra“ og þar næst steig Hrafn Magnússon fulltrúi öldungaráðs Reykjavíkurborgar í pontu og fræddi fundargesti um skiptingu ellilífeyrisréttinda hjá lífeyrissjóðum. Á fundinn voru boðaðir fulltrúar allra flokka sem áttu sæti á þingi þegar fundurinn fór fram og fluttu

fulltrúar flokkanna stutt erindi. Að því loknu fóru fram umræður borgarfulltrúa og fundargesta.



Frá fundi öldungaráðs og borgarstjórnar

## Saman gegn ofbeldi

Reykjavíkurborg og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við Kvennaathvarfið og Heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu hófu í janúar 2015 átak gegn heimilisofbeldi sem kallast **Saman gegn ofbeldi**. Markmið samstarfsins er að taka markvisst á þeim heimilisofbeldismálum sem upp koma í því skyni að tryggja öryggi borgarbúa á heimilum sínum.

Ekki er lengur um átaksverkefni að ræða heldur hefur verið ákveðið að verklagið sem þróað hefur verið sé notað þó alltaf megi bæta það og breyta því. Verkefnið hefur gengið vel en það var metið af RIKK, rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum og má sjá úttektina [Saman gegn ofbeldi](#) inn á síðu mannréttindaskrifstofu.

**Saman gegn ofbeldi** hefur einnig vakið athygli OECD og er komið í úrslit til sérstakra verðlauna sem fyrirmyndarverkefni. Til að fræðast um verkefnið heimsóttu ráðgjafar á vegum stofnunarinnar Reykjavíkurborg, Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og sveitarfélögin á Suðurnesjum. Vonandi verður þetta til þess að fleiri taki sér verklagið til fyrirmyndar sem leiði af sér betri þjónustu við brotþola ofbeldis.



# Fjölmeningarborgir funduðu í Reykjavík

Árlegur fundur Samtaka fjölmeningarborga (Intercultural Cities programme) var haldinn í Reykjavík dagana 15. og 16. september. Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar hafði umsjón með fundinum sem fram fór í Ráðhúsi Reykjavíkur. Fundinn sóttu fulltrúar frá 37 borgum sem eru aðilar að samtökunum þar á meðal Reykjavíkurborg. Rætt var um þær áskoranir sem borgir standa frammi fyrir vegna fólksflutninga, hvernig efna megi til sameiginlegra aðgerða og þróun stefnu fyrir borgir um aðlögun án aðgreiningar. Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar, fagnar því að fundur ICC hafi verið haldinn í Reykjavík í ár og segir að aðild borgarinnar að samtökunum hafi reynst mjög hagnýt. „Við höfum lært mikið af þátttöku okkar í samstarfinu enda fáum við mikilvægar upplýsingar frá borgum sem búa yfir meiri reynslu í þessum málaflokki en við. Þessa vitneskju nýtir borgin við móttöku á íbúum sem eru af erlendu bergi brotnir“ segir Anna. Á fundinum voru rædd hin víðtæku verkefni fjölmeningaborga eins og þörfin á menntastefnu, hvernig bæta megi opinbera þjónustu, aðgerðir á vinnumarkaði, alþjóðasamskipti og fleira.



Hópurinn saman á mynd í borgarstjórnarsalnum

# Stefnumótun í málefnum innflytjenda og flóttafólks

Borgarráð hefur skipað stýrihóp um mótun heildstæðrar stefnu í málefnum innflytjenda og flóttafólks. Stýrihópurinn hefur það hlutverk að marka heildstæða stefnu og aðgerðaáætlun og mun Reykjavíkurborg þannig lýsa yfir vilja sínum til að vinna að fjölmenningslegri þátttöku sem hluta af skuldbindingum sínum sem fjölmenningsborg. Stýrihópurinn mun m.a. gera tillögu að heildstæðri stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við innflytjendur og flóttafólk, kortleggja þá þjónustu sem nú er veitt innflytjendum og flóttafólki á vegum borgarinnar og skýra ábyrgðarsvið á þeirri þjónustu sem innflytjendum og flóttafólki stendur til boða innan

borgarinnar. Formaður hópsins er Elín Oddný Sigurðardóttir (mannréttindaráði) og aðrir fulltrúar í hópnum eru Ilmur Kristjánsdóttir (velferðarráði), Sabine Leskopf (skóla- og frístundaráði), Magnús Arnar Sigurðsson (menningar- og ferðamálaráði), Áslaug Friðriksdóttir (umhverfis- og skipulagsráði) og Þórgnýr Thoroddsen (iþróttá- og tómstundaráði). Starfsmaður hópsins er Gerður Gestsdóttir á mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurorgar. Niðurstöður hópsins verða lagðar fyrir borgarráð fyrir lok apríl 2017.



---

## Starfshópur um túlka- og þýðingapjónustu Reykjavíkurborgar

Undanfarin ár hefur orðið mikil aukning á fjölda innflytjenda og flóttafólks í Reykjavíkurborg. Um 10% íbúa borgarinnar eru af erlendum uppruna. Samfara þessari aukningu er þörf fyrir túlkun orðin mun meiri meðal starfsfólks Reykjavíkurborgar. Sú þróun mun halda áfram í takt við aukningu á fjölda innflytjenda og flóttafólks í borginni. Kostnaður vegna túlkapjónustu hefur farið úr rúmum 20 milljónum fyrir árið 2012 í tæpar 40 milljónir árið 2015. Mikilvægt er að fyrir Reykjavíkurborg að hafa skýrar verklagsreglur hvað varðar túlkapjónustu þar sem tryggð er fagmennska og öryggi. Það var að frumkvæði Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar sem tekið var frumkvæði að því að óska eftir að stofnaður yrði sérstakur starfshópur um túlka- og þýðingapjónustu til að skýra ýmsa þætti sem tengjast túlka- og þýðingapjónustu. Síðastliðið vor tók til starfa

starfshópur Reykjavíkurborgar um túlka- og þýðingaþjónustu sem skipaður var af borgarstjóra. Markmið starfshópsins er að tryggja að það fjármagn sem nýtt er í túlka- og þýðingaþjónustu verði nýtt sem best og gæði þjónustunnar tryggð. Hópnum eru falin ýmis verkefni og þar á meðal að móta stefnu borgarinnar um túlkaþjónustu, koma með tillögur að gæðakröfum til þeirra fyrirtækja sem bjóða í rammasamning borgarinnar mögulegt samstarf við Ríkiskaup, greining á þeirri þjónustu sem borgin hefur keypt af túlkaþjónustum, koma með leiðbeiningar fyrir starfsfólk o.fl. Í starfshópnum eru Edda Ólafssdóttir, Helena Wolimbwa, Fríða B. Jónsdóttir, Grétar Þór Jóhannsson og starfsmaður hópsins er Barbara J. Kristvinsson. Starfshópurinn mun skila af sér í janúar 2017.

## Ofbeldi og fatlað fólk

Í tengslum við átak Reykjavíkurborgar og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu gegn heimilisofbeldi, Saman gegn ofbeldi, hefur starfsfólk mannréttindaskrifstofu undanfarna mánuði farið víða til þess að fræða starfsfólk borgarinnar um ofbeldi gegn fötluðu fólki á heimilum þess sem og annars staðar í samfélaginu. Yfirstjórn velferðarsviðs tók þá ákvörðun að gera fræðsluna að skyldu fyrir allt starfsfólk sem starfar með fötluðu fólki á heimilum þess og á öðrum starfsstöðvum velferðarsviðs sem veita þjónustu fyrir fatlað fólk (heimili, sambýli, búsetukjarnar, skammtímavistanir og dagþjónusta). Rannsóknir hafa sýnt fram á að fatlað fólk er í margfalt meiri hættu á að vera beitt ofbeldi heldur en ófatlað fólk og eru fatlaðar konur og fötluð börn þar í sérstökum áhættuhópi. Þess vegna er mikilvægt að starfsfólk sé meðvitað um þær aðstæður sem stuðla að aukinni ofbeldistíðni gagnvart fötluðu fólki og hvernig hægt sé að bregðast við og sporna gegn ofbeldinu í daglegu starfi. Mannréttindaskrifstofa býður upp á þessa fræðslu innan Reykjavíkurborgar öllum þeim sem kunna að hafa áhuga á að kynna sér þessi mál. Tómas Ingi Adolfsson tekur við öllum beiðnum og svarar fyrirspurnum um fræðslu á netfangið [tomas.ingi.adolfsson@reykjavik.is](mailto:tomas.ingi.adolfsson@reykjavik.is)



Mynd úr bæklingnum: „**Hvað gerðist?**“ sem gefinn var út árið 2015 og kostaður af Reykjavíkurborg.

# Kastljós fjölmiðla á flóttafólki og hælisleitendum

Líflegar umræður í borgarstjórn

Þann 22. nóvember síðastliðinn var haldinn sameiginlegur fundur fjölmeningarráðs og borgarstjórnar. Fundurinn var haldinn í borgarstjórnarsal Ráðhúss Reykjavíkur og fylltu gestir pallana. Á fundinum voru einnig boðaðir til fulltrúar fjölmiðla og mættu eftirtalin: frá Fréttablaðinu Snærós Sindradóttir, frá Ruv Sigríður Hagalín Björnsdóttir, frá Stundinni Áslaug Karen Jóhannsdóttir, frá Mbl.is Guðrún Hálfánardóttir, frá Grapevine Paul Fontaine og

frá Rauða Krossi Íslands Anna Lára Steindal og Zoë Robert. Aðrir sem að fluttu erindi á fundinum voru Sema Erla Serdar sem flutti erindið: “Fjölmeningarsamfélagið Ísland?” og Malgorzata Katarzyna Molenda flutti erindið: „Íslenskt nafn opnar margar leiðir“. Að lokum fóru fram umræður borgarfulltrúa, fjölmiðlafólks og fundargesta. Hægt er að nálgast upptöku af fundinum á vef Reykjavíkurborgar.



Borgarfulltrúar og fulltrúar fjölmiðla



Dagur B. Eggertsson ávarpar fundinn

# Jafnréttisúttekt hjá íþróttafélögum

Mannréttindaskrifstofa hefur unnið jafnréttisúttekt á þremur íþróttafélögum fyrir mannréttindaráð Reykjavíkurborgar. Þrjú félög voru dregin út á fundi mannréttindaráðs: Fjölirnir, Knattspyrnufélag Reykjavíkur og Þróttur. Könnunin var unnin af fulltrúum mannréttindaskrifstofu, Íþróttá og tómstundasviðs og Íþróttabandalags Reykjavíkur í samstarfi við fulltrúa félaganna þriggja. Niðurstöður sýna m.a. að kynjahlutföll iðkenda 6 -18 ára hjá félögunum eru nokkuð ójöfn eða 54-69%.Töluvert hallar á stúlkur og helgast það að hluta af miklu ójafnvægi í kynjahlutföllum iðkenda ákveðinna íþróttagreina eins og fimleika og knattspyrnu, en tvö félaganna eru ekki með fimleikadeildir. Kynjahlutföll eru einnig ójöfn í aðalstjórnnum félaganna, en konur voru u.þ.b. þriðjungur stjórnarfólks hjá KR og Fjölni en fimmtungur hjá Þrótti, á þeim tíma sem úttektin var framkvæmd. Samkvæmt jafnréttisstefnum sem félögin þrjú hafa sett sér skulu þau vinna á móti staðalímyndum kynjanna með því að leitast við að jafna kynjahlutföll meðal iðkenda hverrar íþróttagreinar fyrir sig. Einnig skulu þau gæta þess að hafa sem jöfnust kynjahlutföll í stjórnnum og ráðum á vegum félagsins. Úttektin sýndi fram á að íþróttafélögin geta gert mun betur í að framfylgja eigin jafnréttisstefnum og sníða þær að eigin starfi. [Úttektina](#) má nálgast á síðu mannréttindaskrifstofu undir flokknum útgefið efni.





# Fátækt og mannréttindi

Í tilefni af alþjóðlegum degi mannréttinda stendur mannréttindaráð fyrir hádegisfyrirlestrum á opnum fundi ráðsins þann 9. desember í Iðró

## Dagskrá

- 12.00 Setning fundar**  
Elín Oddný Sigurðardóttir, formaður mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar
- 12.05 Upplifun barns af fátækt**  
Sanna Magdalena Mörtudóttir meistaranemi í mannfræði
- 12.20 Breiðholtsvinkillinn**  
Nichole Leigh Mosty, þingmaður og formaður Hverfisráðs Breiðholts.
- 12.35 Volæðis teikning á Bessastöðum - ölmusa eða mannréttindi?**  
Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar og formaður EAPN á Íslandi
- 12.45 Fátækt er ekki aumingjaskapur**  
Ásta Dís Guðjónsdóttir samhæfingarstjóri PEP á Íslandi
- 12.55 Brauð og kökur**  
Einar Már Guðmundsson rithöfundur
- 13.15 Umræður og fyrirspurnir**
- 13.30 Fundarslit**

Öll velkomin meðan húsrúm leyfir. Boðið verður upp á súpu og brauð.  
Fundarstjóri: Magnús Már Guðmundsson borgarfulltrúi



Einar Már



Sanna



Vilborg



Elín



Ásta Dís



Magnús



Nichole

# Mannréttindagurinn og fjölmeningardagurinn



Þórunn Ólafsdóttir hlaut mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar árið 2016 fyrir ötula baráttu fyrir mannréttindum fólks á flóttu og fræðslu til almennings

Frá afhendingu mannréttindaverðlauna Reykjavíkurborgar 2016 og styrkja mannréttindaráðs



Þórunn Ólafsdóttir



Myndir frá fjölmeningardeginum 28. maí 2016